

LÖG
um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.

Fyrir endurnýjun leyfa og skírteina skv. 1. mgr. skal greiða 1.000 kr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um gjöld fyrir að þreyta próf til að öðlast atvinnuréttindi eða tengd réttindi.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

12. Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum 300 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útgáfu leyfa og skírteina sem gefin eru út frá þeim tíma.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG
um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu
og mat fasteigna, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. másl. 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignamats ríkisins. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Fasteignamats ríkisins mótastarf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Fasteignamat ríkisins skal hafa eftirlit með því að sveitarfélög sinni upplýsingaskyldu sinni. Í því skyni skal stofnunin halda skrár er sýni hve margar fasteiginir eru metnar í einstökum sveitarfélögum á ári hverju.

Fasteignamat ríkisins skal árlega senda skýrslu um matsstörf í einstökum sveitarfélögum til fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á tollalögum nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987,
um vörugjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.